



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 68. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 31. ágúst 2016
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Guðmundur Haukur Jakobsson formaður
Zophonías Ari Lárusson varaformaður
Hörður Ríkharðsson aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

Dagskrá:

1. SSNV - Tilnefning fulltrúa á ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra - 1608019

Ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra verður haldið í 21. og 22. október 2016. Samkvæmt 3.1. gr. samþykktá SSNV eiga fulltrúar sveitarfélaganna sæti á ársþingi, sem hér segir:

Einn fulltrúi fyrir hvert sveitarfélag á starfssvæðinu, auk eins fulltrúa fyrir hverja byrjaða 400 íbúa í sveitarfélaginu. Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. desember næstliðins árs. Samkvæmt því á Blönduós 4 fulltrúa.

*Fulltrúar Blönduósbæjar eru:
Valgarður Hilmarsson Af L-lista
Anna Margrét Sigurðardóttir Af L-lista
Hörður Ríkharðsson Af J-lista
Oddný María Gunnarsdóttir Af J-lista*

2. Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar dags. 16. ágúst 2016 - 1608018

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 1608013

Óskað er eftir námsvist utan lögheimilissveitarfélags í Húnavallaskóla.

Byggðaráð samþykkir erindið.

4. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags – 1608015

Óskað er eftir námsvist utan lögheimilissveitarfélags í Höfðaskóla.

Byggðaráð frestar erindinu.

5. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags – 1608024

Óskað er eftir námsvist utan lögheimilissveitarfélags í Blönduskóla.

Byggðaráð samþykkir erindið.



6. Blönduskóli - erindi frá skólastjóra - 1608023

Blönduskóli stefnir að því að koma upp útikennslusvæði í rjóðri norðarlega í Fagrahvammi. Óskað er eftir leyfi til að koma upp aðstöðu sem nýtist til kennslu s.s. bekkjum úr trjábolum og aðstöðu undir elstæði svo svæðið nýtist jafnframt til heimilisfræðikennslu. Einnig er óskað eftir leyfi til að auka skjól t.d. með því að bæta við trjábolum sem settir yrðu niður lóðrétt á milli trjáanna. Verkið yrði unnið í samvinnu við Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga.

Byggðaráð fagnar þessum áformum og aukinni fjölbreytni í kennsluháttum við Blönduskóla. Byggðaráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og felur Blönduskóla að hafa samráð við tæknideild um málið.

7. Skýrsla upplýsingamiðstöðvar - 1608025

Fyrir fundinn liggur samantekt vegna Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Austur-Húnavatnssýslu. Upplýsingamiðstöðin var opnuð þann 1. júní sl. Opnunartími hennar er frá 9-17 alla daga. Verkefnastjóri upplýsingamiðstöðvarinnar er Lee Ann Maginnis. Frá 1. júní til 29. ágúst hafa 807 gestir heimsótt upplýsingamiðstöðina.

8. Önnur mál - 1506021

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:25

Guðmundur Haukur Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Hörður Ríkharðsson

Arnar Þór Sævarsson
